

76. stjórnarfundar Austurbrúar, haldinn miðvikudaginn 21. júní 2017.

Fundargerð

Fundurinn haldinn í síma og hófst kl. 13:00

Mættir stjórnarmenn Austurbrúar: Jón Björn Hákonarson (JBH), Sigrún Blöndal (SB), Arnbjörg Sveinsdóttir (AS), Adolf Guðmundsson (AG),

Fjarverandi með boðuð forföll: Sveinn Jónsson (SJ), Gauti Jóhannesson (GJ), Sæunn Stefánsdóttir (SS)

Mættir starfsmenn: Jóna Árný Þórðardóttir (JÁÞ) sem ritaði fundargerð.

Dagskrá:

1. Staðfesting fundargerðar nr. 75
2. Fundaáætlun 2017/2018
3. Svarbréf MMR
4. Tilnefning í stjórn Breiðdalsseturs vegna aðalfundar 26. ágúst
5. Mannauðsmál
6. Önnur mál

Formaður stjórnar Austurbrúar setti fundinn og bauð fundarmenn velkomna

1. Staðfesting fundargerðar nr. 75

Stjórn staðfestir fundargerð nr. 75.

2. Fundaáætlun 2017/2018

Framkvæmdastjóri fór yfir drög að fundaáætlun. Ákveðið að stefna að næsta fundi þann 22. ágúst en ræða fundaáætlunina betur þegar betri mynd er komin á önnur fundarplön nefndarmanna.

Arnbjörg Sveinsdóttir kom inn á fundinn.

3. Svarbréf MMR

Framkvæmdastjóri fór yfir svarbréf ráðuneytisins að fjárveiting sem unnið var að í aðdraganda fjárlagagerðar sé veitt til eins árs. Stjórn fagnar þessu en leggur ríka áherslu á að við gerð nýrra samninga við ráðuneytið um áramótin að grunnfjármögnun Austurbrúar sé leiðrétt.

4. Tilnefning í stjórn Breiðdalsseturs vegna aðalfundar 26. ágúst

Stjórn tilnefnir Hákon Hansson sem aðalman og Páll Baldursson sem varamann í stjórn Breiðdalsseturs fyrir árið 2017/2018.

5. Mannauðsmál

Framkvæmdastjóri fór yfir stöðu mannaúðsmála fyrir veturinn. Búið er að ráða í þær stöður sem voru lausar og mæta nýjir starfsmenn að fullu til starfa eftir sumarfrí.

6. Önnur mál

Framkvæmdastjóri fór yfir að ýmsir samningar renni út um áramótin. Stjórn óskar eftir því að tekið sé saman minnisblað um samninga við ríkið og stöðu þeirra fyrir næsta fund stjórnar.

Fundi slitið kl. 14:00

Jón Björn Hákonarson

Sigrún Blöndal

Adolf Guðmundsson

Armbjörg Sveinsdóttir